

Spjaldtölvur í Grunnskólanum á Ísafirði

Í GÍ eru spjaldtölvur frá Apple notaðar í öllum árgöngum. Í 1.-4. bekk eru 4-5 tæki í hverjum bekk. Í 5.-10. bekk er eitt tæki á hvern nemanda. Tækin eru alfarið í eigu GÍ. Gerður er þríhliða samningur milli skóla, nemanda og forráðamanns um notkun á tækinu. Tækið er eingöngu notað í kennslustundum.

Uppsetning og kerfisstyring

Öll tæki er sett upp með umsjónarkerfi sem heitið Jamf school. Tækið er sett upp fyrir hvern nemanda með netfangi frá Google workplace. Deildarstjóri heldur skrá yfir aðgang að þráðlausu neti, netföng, Apple-id og lykilorð. Lykilorð tækis skal vera 1234 eða 123456 ef veitt er undanþága á þeirri reglu þarf umsjónarkennari að láta deildarstjóra vita ásamt nýju pin-númeri. Netfangið í tækinu er skráð í mentor svo nemendur fá tölvupósta frá kennurum í þangað. Öll tæki eru síðan skráð til útláns á bókasafni skólans.

Umsjón með tæki.

Nemendur bera ábyrgð á því tæki sem þeir eru með í láni. Tækin eru eingöngu notuð í skólanum. Þegar tækið er tengt við þráðlaust net og í sambandi uppfærast icloud reikningur notanda. Slökkt er á þráðlausu nemendaneti skólans á nóttunni svo þessi uppfærsla verður ekki, því þurfa nemendur reglulega að uppfæra icloud-ið. Einn af kostum spjaldtölvunnar er að hún er hreyfanlegt tæki, sá eiginleiki er auðvitað ekki til staðar ef tækið þarf að vera í sambandi. Nauðsynlegt er að endurræsa tækin reglulega. Nemendur þurfa einnig að sjá um að uppfæra stýrikerfi og smáforrit (öpp) eins og þurfa þykir, uppfærsla á smáforritum fer fram í gegnum Student appið frá Jamf school.

Hleðslutæki/snúra/hulstur.

Í umsjónarstofum er aðstaða til að geyma og hlaða tækin, það er ábyrgð nemanda að sjá til þess að tækið sé hlaðið.

Nemandi skal passa upp á að hulstur skemmist ekki, ekki má krota á það eða skemma á nokkurn hátt.

Kennsla

Kennarar leggja fyrir fjölbreytt verkefni í kennslustundum, sum þeirra krefjast notkunar tækis en ekki öll. Ef nemandi notar tækið í kennslustund án leyfis kennara eða ekki á réttan hátt (t.d. í tölvuleik) gerir kennari tækið upptækt og afhendir deildarstjóra/skólastjóra. Deildarstjóri/skólastjóri geymir tækið en kennarar geta náð í það til notkunar í einstaka kennslustundum. Ef nemandi verður uppvís af rangri notkun í kennslustund í annað skiptið missir hann aðgang að tækinu þar til talið er að hann geti nýtt tækið á réttan hátt.

Skil að vori

Þegar nemandi skilar tæki á bókasafn að vori á að gera allt á þessum gátlista:

◊Vista öll skjöl og myndir sem þú vilt eiga í skýið þitt, eyða öðru

◊Skila á bókasafn með yfir 50% hleðslu

◊Slökkva á tækinu

Bilun/tjón

Ef tækið skemmist eða bilar þarf nemandi að láta umsjónarkennara vita og koma síðan með tækið til deildarstjóra. Skemmt tæki er sent til tryggingafélags bæjarins en biluðum tækjum er komið í viðgerð. Ekki er hægt að ábyrgjast að nemandi fái strax annað tæki í staðinn.